FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Saga 20. aldarinnar
Námsgrein:	saga
Viðfangsefni:	tuttugasta öldin
Skammstöfun:	SAGA2TU05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum eru teknir fyrir valdir þættir mannkynssögu 20. aldar með áherslu á átök og áhrif þeirra á nútímasamfélagið. Áhersla er lögð á gagnrýna hugsun, heimildaleit, mat og notkun heimilda. Nemendur taka þátt og leggja sitt af mörkum í áfanganum með því að kafa dýpra í viðfangsefni sem fjallað er um. Skoðað er hvernig heimsmyndin breytist í gegnum átök og einnig hvernig Ísland breytist á 20. í ljósi heimsátaka.
Forkröfur:	INGA1HF05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • völdum þáttum Íslands og mannkynssögu 20. aldar • stöðu heimsmála frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag og áhrifum nýlendustefnu og átaka á heimsmyndina • þeim breytingum sem hafa orðið í heimsmálum á síðastliðinni öld • því sem hefur haft áhrif og mótað samfélagið sem við búum í • mikilvægi söguskýringa á stöðu mála í heiminum í dag • mismunandi tegundum heimilda • mikilvægi gagnrýninnar hugsunar
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa texta og tileinka sér upplýsingar úr honum • tjá sig um söguna í riti á skipulegan hátt • afla sér fjölbreyttra heimilda um viðfangsefnið • meta heimildir og gildi þeirra • nýta heimildir á viðurkenndan hátt • beita sjálfstæðum vinnubrögðum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • geta tjáð sig á skýran og skilmerkilegan hátt í ræðu og riti • geta beitt gagnrýninni hugsun markvisst • móta sinn skilning á sögunni og áhrifum hennar á samfélagið sem við búum í • nýta sér söguna til að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi

	• geta komið skoðunum sínum á framfæri á rökstuddan og markvissan máta
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.